

1870.

7. nóvbr.

sjóði, en dómsmálasjóðnum, og hafið þér, ef svo fer, að já verði kveðið við hinni fyrri spurningu yðar, stungið uppá, að hlutaðeigendum verði sagt til um þetta, en þér þykist ekki hafa haft myndugleika til þess, samkvæmt fyrnefndum úrskurði 2. júlí þ. á.; en ef ekki er svo, þá hafið þér farið þess á leit, að þeim verði tilkynnt, úr hverjum sjóði eigi að greiða þá 50 rd., sem eptir eru.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að þegar stjórnarráðið tilkynnti yður til leiðbeiningar og auglýsingar fyrnefndan úrskurð 2. júlí þ. á., sem skýlaust segir svo fyrir, að hvorum þeirra tveggja málafærslumanna verði borgaðir 16 rd. 64 sk. á mánuði (eða 200 rd. á ári) frá 1. ágústm. næstkomanda og svo fyrst um sinn, í stað þess þeir áður höfðu fengið 250 rd. á ári, þá var það bæði sökum innihalds yðar eigin uppástúngu þar á undan, 29. nóvbr. f. á., og af því, sem sjá mátti af hinum síðustu reikningum dómsmálasjóðsins, sem stjórnarráðið átti færi á að kynna sér, að ekki varð byggt á öðru, en að það væri ekki framar hægt að taka meira úr sjóðnum í þessu skyni, en á hinn bóginn var það vitaskuld, að ekki gæti verið umtalsmál að leita til ríkispingsins til þess að fá það, sem á vantar, úr ríkissjóðnum. Samt sem áður skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir ekki neitt ámóti, að tæðum málafærslumönnum sé veittir 4 rd. 32 sk. á mánuði frá 1. ágústm. þ. á. í viðbót, auk hinna 16 rd. 64 sk., ef dómsmálasjóðurinn er fær um að bera þessi útgjöld, án þess að aðrar skyldur, sem hvíla á honum, sé vanræktar, en frá þessu er ekki skýrt í yðar síðasta bréfi.

104. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um laun handa dýralækni í suður-umdæminu.

7. nóvbr.

Í bréfi 17. septbr. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þér hafið tekið dýralækni Snorra Jónsson til dýralæknis fyrir suðurumdæmið frá 1. septbr. þ. á. til 30. aprílm. 1871 fyrir

1870.

7. nóvbr.

þóknun, er í mesta lagi muni nema 480 rd., sem til ætlað sè að verði greiddir úr jafnaðarsjóði suðuramtsins, og hafið þér gjört þessa ráðstöfun af því, að horfir til fjárkláða meðal fjallafjárins í haust; jafnframt þessu hafið þér stungið uppá, að stjórnarráðið samþykki þessa ráðstöfun, og sökum þess, að ástand jafnaðarsjóðsins sè í lakara lagi, veiti nokkurt tillag til þess að borga tæðum dýralækni þóknun þá, sem honum hefir verið lofað, af því fè, sem veitt er til óvissra útgjalda handa Íslandi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hefir ekki neitt ámóti þessari ráðstöfun yðar, og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógeta, að yður verði borgaðir 200 rd. í þessu skyni úr jarðabókarsjóðnum af því fè, sem veitt er með fjárhagslögnum 20. grein, VI, C.

7. nóvbr.

105. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um reikninga stiptysprentsmiðjunnar.

Með bréfi 15. janúar þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem forstöðumaður stiptysprentsmiðjunnar, Einar Þórðarson, skýtur til úrslita stjórnarráðsins úrskurði stjórnardeildar reikningsmálanna um 4. grein í athugasemdunum við reikninga prentsmiðjunnar 1865 um það, hvernig reikna eigi þann hundraða-hluta af hinum árlega ágóða prentsmiðjunnar, sem honum fellur í skaut. Þér álitid, að reikningur hinnar nefndu stjórnardeildar, sem er undirstaða úrskurðarins, virðist vera á réttum rökum byggður (en samkvæmt honum telst árs-ágóði prentsmiðjunnar, sem forstöðumaðurinn á hlutdeild í, þannig, að upphæð allra útgjalda á hverju ári sè dregin frá tekjunum), og eigi því að fara eptir honum bæði í reikningum þess árs og endranær, og hafið þér stungið uppá, að úrskurður stjórnardeildarinnar um þetta atriði standi óraskaður, en samkvæmt honum á forstöðumaðurinn að greiða 14 rd. 22 sk., og að forstöðumanni prentsmiðjunnar eptir þessum úrskurði sè